

# ÁFRAM ÍSLAND

fyrir ungt fólk og framtíðina



## ÁRIÐ Í HNOTSKURN 2008



Alþýðusamband Íslands



## Áfram Ísland - fyrir ungt fólk og framtíðina

Samfélag okkar stendur á tímamótum. Síðustu ár hafa einkennst af mikilli hagsæld í íslensku efnahagslífi sem fylgt hefur mikil breyting á gildismati og viðhorfum. Nú er runninn upp tími uppstokkunar og breytinga og nauðsynlegt sem aldrei fyrr að halda á lofti grunngildum verkalyðshreyfingarinnar um samstöðu og jafnrétti. Við þessar aðstæður, þegar óvissa er mikil og samdráttur blasir við, riður á að tapa ekki sjónum af framtíðinni og þeim tækifærum sem hún felur í sér. Okkar biður það mikilvæga verkefni að halda áfram að byggja hér upp gott og öflugt samfélag með samkeppnishæfu atvinnulífi og traustu velferðarkerfi.

Yfirskrift ársfundar Alþýðusambands Ísland í ár er Áfram Ísland – fyrir ungt fólk og framtíðina. Þegar farið var af stað með vinnu við undirbúning fundarins og ákveðið að tileinka hann sérstaklega stöðu ungs fólks óraði engan fyrir þeim miklu atburðum sem nú hafa dunið á íslenski þjóð. Þeir hafa hins vegar gert okkur enn ljósara en áður mikilvægi þess fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið allt að sú framtíð sem biður ungs fólks hér á landi sé björt og aðgengi að þeim samfélagslegu gæðum sem verklyðshreyfingin hefur barist fyrir frá upphafi, eins og menntun, húsnæði, heilbrigðis- og velferðarþjónusta, sé öllum tryggt.

Nú er mikilvægt að nýta velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin á milli kynslóða og létta þunga framfærslubyrði ungra fjölskyldna. Við höfum áfram það brýna verkefni að tryggja að hér sé gott atvinnulíf þar sem hver einstaklingur hefur fjölbætta möguleika til að afla sér góðrar lífsafkomu. Þannig skapast auðugur jarðvegur fyrir komandi kynslóðir og góður grunnur að bjartri framtíð fyrir íslenskt samfélag.

## Kjarasamningarnir 17. febrúar 2008

Í kjarasamningum sem gerðir voru milli aðildarsamtaka ASÍ og SA 17. febrúar var sérstök áhersla lögð á að hækka launataxta og bæta lægstu laun á vinnumarkaði umfram aðra og treysta þannig kaupmátt þeirra sérstaklega. Um leið var séð til þess að þeir einstaklingar sem setið höfðu eftir í launaskriði undangenginna missera fengu sinn hlut bættan. Fullyrða má að launabreytingar samkvæmt samningnum voru róttækasta tilraun sem lengi hefur verið gerð til að hækka launataxta sérstaklega og bæta kjör þeirra sem taka laun samkvæmt þeim um leið og almennir launataxtar voru færðir nær greiddu kaupi.


Með samningunum voru margvísleg réttindi launafólks á vinnumarkaði einnig bætt. Má þar nefna lengra orlof, aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna og bættar slysatryggingar vegna vinnuslysa. Aukin áhersla var lögð á starfsmenntun og starfsendurhæfing var efld. Þá má nefna fjölda bókana sem miða að því að treysta réttindi launafólks í jafnréttismálum, varðandi atvinnusjúkdóma, vinnustaðaskilríki, læknisvottorð o.fl.

Í tengslum við gerð kjarasamningana tókst verkalyðshreyfingunni að knýja fram verulega hækkun skattleysismarka, hækkun barnabóta og vaxtabóta, umbætur í húsnæðismálum og aðgerðir í starfsmenntamálum launafólks sem hefur litla formlega menntun. Ljóst er að allar þessar aðgerðir þjóna sérstaklega hagsmunum lágtekjufólks.

Í maí gerðu aðildarsamtök ASÍ hliðstæða samninga við fjármálaráðuneytið vegna félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu og stofnunum þess. Þeir samningar fólu í sér hliðstæða launahækkun á þessu ári.

Ljóst er að þær forsendur sem kjarasamningarnir byggðu á eru brostnar vegna mikillar og vaxandi verðbólgu. Þar við bætast víðtæk áhrif fjármálakreppunnar sem skall á í október á kjör og afkomu launafólks. Ekki hefur verið tekin afstaða til framlengingar kjarasamninga, en ljóst er að við þessar aðstæður eru verðmæti samninganna ekki síst fólgin í þeim réttarbótum sem þar er að finna, hækkun lægstu launa og þeim árangri sem náðist gagnvart stjórnvöldum.





## Efnahagsmál - fjármálakreppa í aðalhlutverki

Á skömmum tíma hafa orðið mikil umskipti í íslensku efnahagslífi. Síðasta haust leit út fyrir að hagkerfið myndi „lenda mjúklega“ í lok stóriðjuframkvæmdanna en snemma á þessu ári varð ljóst að það gengi ekki eftir. Mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum ásamt alþjóðlegri lausafjárkrísa leiddu til gengisfalls krónunnar í mars og innlendrar lánsfjárekreppu.

Íslensk fjármálafyrirtæki hafa síðan orðið fjármálakreppunni að bráð eitt af öðru. Í lok september komst Glitnir í þrot með lausafé og leitaði til Seðlabankans eftir aðstoð. Seðlabankinn bauðst til að leggja bankanum til hlutafé gegn því að ríkið eignaðist 75% af bankanum. Í kjölfar fylgdi lækkað lánsrhæfismat íslenska ríkisins og síðan allra bankanna. Þá varð ljóst að staða hinna stóru bankanna var alvarleg. Alþingi var kallað saman í skyndi til að samþykkja neyðarlög. Strax reyndi á nýju lögin þegar Landsbankinn komst í þrot. Reynt var að slá skjaldborg um starfsemi Kaupþings en það tókst ekki. Óttaslegnir sparifjäreigendur og lánadrottmar reyndu að ná fé sínu út úr bankanum auk þess sem bresk stjórnvöld brugðust harkalega við ummælum íslenskra ráðamanna um að ekki stæði til að greiða skuldir erlendis og beittu hryðjuverkalögum til að kyrrsetja eignir. Kaupþing varð að játa sig sigrað og áður en til þess kom að ríkið yrði að standa við hlutfjárloforð sitt komst Glitnir í þrot. Á grunni gömlu bankanna voru stofnaðir nýir bankar. Ljóst er að almenningur og lífeyrissjóðir tapa miklu fé við gjaldþrot bankanna.

Gjaldeyrissviðskipti við útlönd lokuðust um tíma og krónan féll um tugi prósentu. Takist ekki að styrkja gengi krónunnar mun verðbólga vaxa mikið. Horfur í rekstri fyrirtækja hafa versnað og búast má við vaxandi atvinnuleysi.

Íslenskt efnahags- og atvinnulíf hefur því skaðast mikið. Unnið er að því að finna lausnir á vandanum og líkur eru á að leitað verði til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eftir aðstoð.

## Verðlagseftirlit ASÍ


Verðlagseftirlit er starfrækt innan Alþýðusambands Íslands í þeim tilgangi að veita neytendum góðar upplýsingar um verð á vörum og þjónustu á neytendamörkuðum. Með því er seljendum veitt aðhald sem koma á í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar sem draga úr kaupmætti launafólks.

Umræða um aðferðafræði og áreiðanleika verðkannana hefur verið fyrirferðarmikil á árinu og kaupmenn ítrekað lýst þeirri skoðun að fela beri Hagstofu Íslands að sinna verðlagseftirliti. ASÍ hefur bent á að þetta stangist verulega á við hlutverk Hagstofunnar og komi í veg fyrir að unnt sé að birta upplýsingar til neytenda um verð og verðbreytingar hjá einstaka söluaðilum. Frá þessu grundvallaratriði má á engan hátt víkja eigi verðlagseftirlitið að hafa aðhaldshlutverki að gegna gagnvart markaðnum. Alþýðusambandið mun áfram leggja ríka áherslu á að fylgjast vel með verðlagi á markaði og gefa neytendum greinargóðar upplýsingar.

Líkt og fyrr hefur eftirlit með matvöruverði verið uppistaðan í starfi verðlagseftirlitsins á árinu. Einnig hafa verið gerðar verðkannanir á ýmsum öðrum þáttum og má þar nefna lyf, dekkjaverkstæði, raforkuverð og opinbera þjónustu auk reglulegrar umfjöllunar um almenna verðlagsþróun.

Í kjölfar gengislækkunar og hækkunar á hrávöruverði á fyrri hluta árs 2008 skapaðist mikill þrýstingur á vöruverð og verðbólga fór vaxandi. Til þess að stemma stigu við þessari þróun leitaði viðskiptaráðherra eftir samstarfi við verðlagseftirlit ASÍ um framkvæmd sérstaks átaks í verðlagseftirliti. Á vordögum var gerður þjónustusamningur við ráðuneytið um gerð vikulegra verðkannana í matvöruverslunum og í kjölfarið birtar niðurstöður vikulega sem lýstu verðbreytingum á vörukörfu ASÍ í helstu verslanakeðjum. Verðmælingum á vörukörfu ASÍ var svo haldið áfram á haustdögum.





## Átak í endurhæfingu með stofnun Endurhæfingarsjóðs

Með kjarasamningunum frá 17. febrúar 2008 náðist samkomulag milli ASÍ og SA um stofnun sérstaks Endurhæfingarsjóðs sem ætlað er að skipuleggja þjónustu og koma á úrræðum fyrir þá einstaklinga sem veikjast alvarlega eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að atvinnurekendur greiði sérstakt 0,13% gjald til sjóðsins frá 1. júní 2008, svokallað endurhæfingargjald. Samhliða náðist samkomulag við ríkisstjórn um að hún leggi sjóðnum til jafnháa fjárhæð frá 1. janúar 2009 og við það er miðað að lífeyrissjóðir leggi sjóðnum til sömu fjárhæð frá og með 1. janúar 2010. Á þessum grundvelli var Endurhæfingarsjóðurinn stofnaður 19. maí 2008 af ASÍ og SA og 8 manna stjórn kjörin.

Markmið Endurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnu- markaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Starfsemi sjóðsins hófst sl. sumar og var Vigdís Jónsdóttir ráðin framkvæmdastjóri.

Miklar væntingar eru bundnar við tilkomu þessa sjóðs og þess fjármagns sem samningsaðilar hafa sameinast um að setja í þetta verkefni. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði sérstakir þjónustufulltrúar sem staðsettir verði hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna þaðan sem þeir sinni ráðgjöf við þá sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. ASÍ og SA hafa lagt mikla áherslu á að fá önnur samtök launafólks á opinbera markaðnum til liðs við sig og eru fyrirhugaðar viðræður við fulltrúa þeirra um forsendur slíkrar aðkomu, m.a. með tilliti til skipan stjórnar og fleira.

## Listasafn ASÍ

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu 41 í Reykjavík. Safnið var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt. Safnið er eign Alþýðusambands Íslands og starfar samkvæmt reglugerð samþykkt af miðstjórn þess.

Ragnar í Smára lagði grundvöllinn að listasafninu með því að gefa ASÍ málverkasafn sitt, um 120 myndir, flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar eins og Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving, Jóhannes Kjarval, Nínu Tryggvadóttur, Svavar Guðnason og Þorvald Skúlason. Ósk Ragnars var sú að stofnað yrði listasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Listasafn ASÍ hefur alla tíð starfað með þetta að leiðarljósi og hefur m.a. sérhæft sig í myndlistarsýningum sem settar eru upp á vinnustöðum og í stofnunum víða um land.

Listaverkaeign safnsins hefur vaxið jafnt og þétt. Safninu hafa í gegn um tíðina borist margar góðar gjafir. Stærst þessara gjafa eru fjölmörg verk Kristins Péturssonar sem safnið fékk að honum látnum. Fjöldi listamanna hefur auk þess gefið safninu verk. Einnig hefur verið leitast við að auka safnkostinn með innkaupum á íslenskri samtímalist.

Auk þess að sýna verk úr safneigninni er safnið virkur vettvangur fyrir sýningar á samtímalist. Árlega eru haldnar 10-15 sýningar í sölum safnsins.

Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17 og er aðgangur ókeypis.







## Trúnaðarmannafræðsla metin til eininga

Eitt af áhersluatriðum ASÍ er að efla félagsmálafræðslu og menntun til að þekking og hæfni forystumanna og annarra talsmanna verkálýðshreyfingarinnar sé sem best á hverjum tíma. Þar hefur trúnaðarmannafræðslan gegnt lykilhlutverki.

Nú hafa verið gefnar út tvær námsskrár *Trúnaðarmannanámsskeið I* sem samanstendur af 81. kennslustund og *Trúnaðarmannanámsskeið II* sem samtals er 61 kennslustund. Menntamálaráðuneytið hefur staðfest mat á náminu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur námsskrárnar út. Mat á óformlegu námi í skólakerfinu er að aukast og það að fá trúnaðarmannanámsskeiðin metin til eininga gerir námið eftirsóknarverðara og um leið öðlast starf trúnaðarmannsins hærri sess í hugum launafólks og atvinnurekenda.

Meta má námskeiðin til allt að 11 eininga til styttingar náms í framhaldsskóla. Þar af má meta 6 einingar á kjörsviði og/eða til almennra greina og 6 einingar í vali, allt eftir styrkleika viðkomandi.

Trúnaðarmannanámsskeiðin eru ætluð fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta skólagöngu að baki. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin svo að sjálftraust þeirra eflist og lífsleikni, auk þess sem námið á að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

## Miðstjórn ASÍ

Miðstjórn ASÍ er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli ársfunda. Hlutverk hennar er að móta stefnu og félagspólitíska afstöðu ASÍ í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda. Ennfremur að bera ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og samtaka. Miðstjórn er kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár er forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur. Hitt árið er varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og ársfunda.

### Nefndirnar eru:

- *Alþjóðanefnd*
- *Atvinnumálanefnd*
- *Jafnréttis- og fjölskyldunefnd*
- *Mennta- og útbreiðslunefnd*
- *Kjara- og skattanefnd*
- *Skipulags- og starfsháttanefnd*
- *Velferðarnefnd*
- *Vinnumarkaðsnefnd*
- *Laganefnd*
- *Lífeyrisnefnd*
- *Launanefnd*
- *Starfs- og fjárhagsnefnd*

### Í miðstjórn ASÍ eru eftirtaldir:

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ	Til ársfundar 2008
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ	Til ársfundar 2009
Björn Snæbjörnsson, Eining-löja (SGS)	Til ársfundar 2008
Finnbjörn A. Hermannsson, Trésmiðafél. RVK. (SAMÍÐN)	Til ársfundar 2008
Georg Páll Skúlason, Félag bókagerðarmanna (Bein aðild)	Til ársfundar 2008
Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands	Til ársfundar 2009
Gunnar Páll Pálsson, VR (LÍV)	Til ársfundar 2009
Kristján Gunnarsson, VI. og sjóm. fél. Keflav. og nágr. (SGS)	Til ársfundar 2009
Ragna Larsen, Bárán stéttarfélag (SGS)	Til ársfundar 2009
Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands (SGS)	Til ársfundar 2009
Sigurður Bessason, Efling (SGS)	Til ársfundar 2008
Sigurrós Kristinsdóttir, Efling (SGS)	Til ársfundar 2009
Stefanía Magnúsdóttir, VR (LÍV)	Til ársfundar 2008
Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands	Til ársfundar 2009
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV)	Til ársfundar 2008







## Tímamót - 70 ár frá setningu vinnulöggjafarinnar

Mikil breyting varð á allri starfsemi verkalyðsfélaganna þegar vinnulöggjöfin var sett árið 1938. Þar er fjallað um stéttarfélög og vinnudeilur. Fram að þeim tíma var verkföllum ekki einungis beitt í kaupdeilum, heldur einnig þegar vanefndir urðu á samningum eða deilt var um túlkun samninga. Með setningu laganna 1938 urðu verkföll lögleg, en þeim mátti þó aðeins beita í kaupdeilum og því aðeins að þau væru boðuð með sjö daga fyrirvara. Deilur út af vanefndum og meintum brotum á samningum skyldu aftur á móti útkljáðar fyrir sérstökum dómstóli – Félagsdómi. Dómum hans varð ekki áfrýjað.

Fram að þessum tíma höfðu verkalyðsfélög ekki lögbundið umboð til að koma fram fyrir hönd félaga sinna, styrkur þeirra byggðist fyrst og síðast á félagslegri samheldni. Árið 1925 höfðu Framsóknarmenn á þingi forgöngu um að koma á fót stöðu sáttasemjara til að leiða deiluaðila saman og leita sáttar þeirra í milli. Hann hafði aftur á móti ekki skýrt umboð og ef deiluaðilar kusu að virða að vettugi tilmæli hans um viðræður þá varð við svo búið að standa.

Nokkrum sinnum hafði sprottið upp umræða á þingi um nauðsyn slíkrar löggjafar og frumvörp verið flutt, en forystumenn verkalyðshreyfingarinnar stóðu heldur gegn þeim tillögum, enda sum þeirra flutt af þingmönnum sem handgengnir þóttu atvinnurekendum og báru efni frumvarpanna þess merki. Það komst fyrst skriður á málið þegar Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu hina svokölluðu stjórn hinna vinnandi stétta. Árið 1937 var sett á fót millipinganefnd með þátttöku ASÍ til að undirbúa samningu frumvarps um vinnulöggjöf. Leitað var fanga víða, ekki síst á Norðurlöndunum og löggin sem voru samþykkt árið 1938 eru enn í gildi, þótt á þeim hafi nokkrum sinnum verið gerðar breytingar.

## Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ lætur af störfum

Grétar Þorsteinsson hefur verið forseti Alþýðusambands Íslands undanfarin 12 og hálf tveggju ár en lætur nú af því starfi. Hann var fyrst kjörinn forseti á 38. þingi ASÍ árið 1996, endurkjörinn á þinginu 2000 og á ársfundi 2002, 2004 og 2006. Grétar hefur verið farsæll í störfum sínum sem forseti og er eftirsjá af honum þegar hann hverfur af forsetastóli.

Grétar er fæddur þann 20. október árið 1940 í Fróðholtshjáleigu á Rangárvöllum, sonur Jónínu Árnadóttur og Þorsteins Sigmundssonar í Vestra-Fróðholti. Grétar er tvíkvæntur. Hann eignaðist fjögur börn, auk einnar uppeldisdóttur.

Grétar lauk prófi í húsasmíði árið 1961 og starfaði um árabíl við húsa- og húsgagnasmíðar. Hann hóf snemma afskipti af verkalyðsmálum, var kjörinn í stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur árið 1971 og síðan formaður árið 1978. Hann var formaður um tveggja áratuga skeið, eða til 1997. Grétar var um nokkurra ára skeið formaður Sambands byggingamanna og síðar Samiðnar, sambands iðnfélaga, fyrstu árin frá stofnun 1993, þar til hann var kjörinn forseti ASÍ.

Á yngri árum var Grétar virkur í starfi bindindishreyfingarinnar og gegndi þar mörgum trúnaðarstörfum. Grétar var um tíma varapingmaður fyrir Alþýðubandalagið. Hann þótti jafnframt liðtækur í frjálsu íþróttum og var m.a. í landsliðinu um nokkurra ára skeið.

Verkalyðshreyfingin á Íslandi stendur í þakkarskuld við Grétar Þorsteinsson og óskar honum og fjölskyldu hans velfarnaðar í framtíðinni.





## Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • 105 Reykjavík  
Sími: 53 55 600 • Fax: 53 55 601  
asi@asi.is • www.asi.is